

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík


Hornafirði, 25. ágúst 2020
nr. erindis 202005078

Málefni: Ályktun Atvinnu- og menningarmálanefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Á fundi Atvinnu- og menningarmálanefndar haldinn 25.maí 2020
Bókaði atvinnu og menningarmálanefnd eftirfarandi og skorar á Umhverfisstofnun að breyta veiðitímabili helsingja í samræmi við veiðitímabil annarra gæsastofna. Málinu var vísað aftur til Atvinnu- og menningarmálanefndar af Umhverfisstofnun og beinir því Atvinnu- og menningarmálanefndar bókunninni til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

„Náttúrustofa Suðausturlands hefur rannsakað ágang helsingja á tún í sveitarfélaginu. Helsingi er farinn að verpa í stórum stíl á Suðausturlandi og hefur fjöldi hreiðra aukist mikið á síðustu árum. Bændur hafa áhyggjur af fjölgun gæsa sem eru öflugir grasbítar og er því mikill uppgangur helsingja og annarra gæsa er bændum áhyggjuefni því þær hafa sótt mjög í tún á vorin. Atvinnu og menningarmálanefnd beinir því til Umhverfis- og auðlindaráðuneytið að veiðitímabil helsingja verði fært fram til samræmis við veiðitímabil annarra gæsastofna.“

Virðingarfyllst



Eyrún Helga Ævarsdóttir
Forstöðumaður Menningarmiðstöðvar
Sveitarfélagsins Hornafjarðar